

© HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Hönnun: Hönnunardeild Odda


Prentvinnsla: Oddi hf.

ISBN 9979-60-489-1



9 789979 604891

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS



KYNNINGARSÝNING
ÍSLENSK HÖNNUN

1950 – 1970

15. OKTÓBER – 15. NÓVEMBER

1999



UNDIRRITUN SAMNINGS 29. DESEMBER 1998

Frá undirritun á samningi um stofnun Hönnunarsafns Íslands. F.v. Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Björn Bjarnason, menntamálaráðherra og Gunnar Jóhann Birgisson, formaður þjóðminjaráðs.

Stjórnarnefnd fyrir safnið var skipuð af þjóðminjaráði 22. febrúar sl.
Stjórnarnefndinni er meðal annars ætlað að móta stefnu safnsins og vera til ráðuneytis um að finna því húsnaði til framtíðar í Garðabæ.

Í stjórnarnefndinni eiga sæti: Stefán Snæbjörnsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, formaður, Laufey Jóhannsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar, Guðrún Nordal, bókmenntafræðingur, og Þórdís Zoëga, hönnuður FHI.

Með stjórnarnefndinni starfar safnstjóri þjóðminjasafns Íslands, Guðny Gerður Gunnarsdóttir.
Umsjónarmaður safnsins er Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, deildarstjóri við þjóðminjasafn Íslands.
Safnið mun fyrst um sinn starfa sem deild innan þjóðminjasafns Íslands og hefur menntamálaráðuneytið lagt því til liðlega 200 m² húsnaði til varðveislu muna, að Lyngási 7 í Garðabæ.



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS KEMUR TIL SÖGUNNAR

Nýtt safn um hönnun er löngu tímabært miðað við mikið gildi hennar. Hönnuðir og aðrir velunnarar góðrar formlistar og vörvöndunar hafa lengi bent á nauðsyn þess að varðveita hið besta sem gert er á sviði listhönnunar og nytjatístar.

Fátt skapar meiri verðmæti í samtímanum en góð hönnun. Í framhaldsskólum er mikill áhugi á námi á þessu sviði. Listaháskóli Íslands hefur tekið til starfa. Innan hans verður meðal annars lögð áhersla á nám í hönnun. Nýtt Hönnunarsafn Íslands fellur vel að þessum nýju áherslum í skólastarfi okkar. Á þessu sviði gildir sama og á öðrum, að nauðsynlegt er að geta kynnt sér hið besta úr fortíð og nútíð við nám og rannsóknir. Góð hönnun hefur átt drjúgan þátt í þeim árangri sem íslenskar framleiðsluvörur hafa náð á mörkuðum erlendis. Sviðið er stórt, frá listhönnun og minnstu nytjahlutum til flókinna tækja á sviði rafeindatækni.

Í byrjun árs 1996 skipaði ég nefnd til að kanna nauðsyn slíks hönnunarsafns og gera tillögur um tilhögun þess. Tillögurnar lágu fyrir í byrjun árs 1997. Í menntamálaráðuneytinu var síðan unnið að undirbúnungi stofnunar safnsins og leitast við að finna því viðunandi farveg. Menntamálaráðuneytið og Garðabær gerðu með sér samkomulag um að standa sameiginlega að stofnun hönnunarsafns og deila kostnaði við rekstur þess. Ákveðið var að safnið starfaði fyrst um sinn sem deild innan Þjóðminjasafns Íslands. Menntamálaráðuneytið hefur látið safninu húsnaði í té, að Lyngási 7 í Garðabæ, þannig að hefja megi söfnun muna til safnsins.

Samningur um hönnunarsafn var síðan undirritaður 29. desember 1998 milli menntamálaráðuneytisins, Garðabæjar og Þjóðminjasafns, en stjórnarnefnd fyrir safnið var skipuð af þjóðminjaráði í febrúar 1999.

Kynningararsýningin sem nú er efnt til vekur athygli á því að þetta sértæka safn er komið til sögunnar. Megi það lengi dafna og bera góðri hönnun fagurt vitni.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS Í GARÐABÆ

Framþróun og breytingar hafa orðið örari í Garðabæ en í flestum kaupstöðum á Íslandi. Á fjórum áratugum breyttist tiltölulega fámennur hreppur, þar sem landbúnaður var aðalatvinnuvegurinn, í eitt fjölmennasta bæjarfélag á Íslandi, og þar er nú boðið upp á viðtæka þjónustu, sem slíkum samfélögum fylgir. Bæjarvitundin hefur eflst, og kemur hún ekki síst fram í auknu félags- og menningarstarfi, sem og í áhuga og metnaði bæjarbúa til þess að byggja blómlegan bæ og stuðla að gjöfulu mannlífi.

Í lok síðasta árs var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis, Garðabæjar og þjóðminjasafns Íslands um samstarf að undirbúningi og uppbyggingu hönnunarsafns í Garðabæ. Markmið safnsins er samkvæmt samningnum að halda til haga íslensku og erlendu listhandverki og iðnhönnunarmunum, svo og að varðveita muni, halda heimildaskrá og standa fyrir sýningum og kynningum. Samningurinn gildir til ársloka 2003, og skal á samningstímanum unnið að undirbúningi að framtíðarhúsnaði og starfsemi hönnunarsafns í Garðabæ.

Uppbygging á hönnunarsafni í Garðabæ er í senn áhugavert og verðugt verkefni, sem fellur vel að markmiðum bæjaryfívalda um aukinn veg mennta og menningar í vaxandi bæ. Er ekki að efa, að bæjarstjórn og Garðbæingar verði safninu traustur bakhjarl. Með samstilltu átaki ríkis og bæjar og góðri samvinnu þeirra við hönnuði og handverksmenn er óhætt að fullyrða, að hönnunarsafn muni eiga gott bakland í Garðabæ. Í upphafi ferðar eru stjórn, starfsmönnum og hollvinum Hönnunarsafns Íslands færðar árnaðaróskir með von um velfarnað á langri leið.

Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri




FYRSTA SÝNING HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS

Það hefur lengi verið framsýnum mönnum hugleikið að sjá öflugt hönnunarsafn verða að veruleika hér á landi. Það er ekki á neinn hallað þó fullyrt sé að Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, hafi öðrum fremur mótað safna-stefnu Íslendinga. Áhugi hans fyrir því að koma á fót listiðnaðarsafni var síst minni en að móta forngripasafnið sem hann tók við og síðar varð að þjóðminjasafni Íslands. Langt er um liðið frá því að þessi fyrstu skref í átt að stofnun hönnunarsafns voru stigin og margir hafa lagt hönd á plógin til þess að halda hugmyndinni um sjálfstætt hönnunarsafn lifandi. Það var því mörgum fagnaðarefni þegar menntamálaráðherra, Garðabær og þjóðminjasafn Íslands undirrituð samning um stofnun hönnunarsafns í Garðabæ þann 29. desember 1998. Samningurinn er til fimm ára og þar eru skyldur samningsaðila og rekstrarábyrgð skilgreind. Í febrúar sl. skipaði þjóðminjaráð sérstaka stjórnar-nefnd yfir safnið. Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, hefur nú verið ráðinn umsjónarmaður þess. Samkvæmt lögum er safnið deild innan þjóðminjasafnsins sem hefur stöðu sér safns. Í stjórnarnefnd sitja Stefán Snæbjörnsson, for-maður, Guðrún Nordal, Laufey Jóhannsdóttir og Þórdís Zoëga.

Þrátt fyrir að Hönnunarsafn Íslands sé þannig rétt að verða að veruleika og mikið starf óunnið er fyrsta sýning safnsins ánægjuleg tímamót í starfi þess. Sýningin ber heitið: Kynningarýning Hönnunarsafns Íslands. Sýningunni verður síðan fylgt eftir með málþingi þar sem viðfangsefnið er hlutverk hönnunarsafna í dag. Vonandi er þessi fyrsta sýning safnsins vísið að því sem koma skal. Það er undir stjórnarnefnd, umsjónarmanni og fjárveitingavalldinu komið hvernig safnið mun koma til með að þróast á næstu árum.

Gunnar Jóhann Birgisson, formaður þjóðminjaráðs



DRAUMUR VERÐUR AÐ VERULEIKA

Draumur sem margir hönnuðir og áhugamenn um hönnun hafa lengi borið í brjósti virðist nú í þann mund að geta orðið að veruleika. Fyrir atbeina menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar er löng umræða meðal hönnuða og leikmanna um nauðsyn hönnunarsafns til lykta leidd. Með samkomulagi því er gert hefur verið milli menntamálaráðuneytisins, Garðabæjar og þjóðminjasafns Íslands hefur verið skapaður grundvöllur er gerir kleift að hefja söfnun úrvals muna á svíði listhönnunar, listhandverks og iðnhönnunar er byggja á þeim faglegu forsendum sem viðteknar eru.

Stjórnarnefnd hönnunarsafnsins, sem skipuð var af þjóðminjaráði í febrúar s.l., hefur að vísu ekki starfað lengi og ljóst er að fara þarf fram með gát að marka safninu stefnu og framtíðarumhverfi það er öllum líki.

Samdóma álit stjórnarnefndarinnar var að þrátt fyrir stuttan aðdraganda, væri ástæða til að vekja athygli á tilkomu hönnunarsafnsins og gefa almenningi til kynna í hverju viðfangsefni þess væru fólgin.

Meginviðfangsefni safnsins verður að safna, skrásetja og halda til haga góðri íslenskri hönnun og gangast fyrir sýningum á henni eftir því sem tækifæri gefa tilefni til.

Annað mikilvægt viðfangsefni hliðstæðra safna eru alþjóðleg samskipti og fjölbreytt upplýsingaflæði. Fá svíð munu jafn háð sívirkum boðskiptum, áhrifavöldum frá náttúru eða tækni sem hönnun hins manngerða umhverfis í stóru sem smáu.

Íslensk hönnun hefur með ýmsum hætti sannað sig. Hún hefur vakið athygli víða um lönd og verðskuldar að að henni sé hlúð.

F.h stjórnarnefndar

Stefán Snæbjörnsson

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS - FORSAGAN

**Ekki er fráleitt að halda því fram að með
stofnun Hönnunarsafns í desember 1998
og kynningarsýningu þeirri sem nú er
haldin hér í Garðabæ séum við Íslend-
ingar að reka endahnútinn á feril sem
hófst með stofnun Forngrípasafnsins árið
1863, undanfara þjóðminjasafns Íslands.**



Þá var lagður grunnur að söfnun íslenskra forngrípa og listmuna og skipulegri verndun fornminja okkar. Árið 1916 gat þjóðminjasafnið síðan af sér Listasafn Íslands sem ekki öðlaðist eigin húsnæði fyrr en á sjötta áratug aldarinnar. Í kjölfar þess fylgdu aðskiljanleg byggðarsöfn, sérsöfn og einkasöfn listamanna.

Stofnun safns sem hefði með höndum varðveislu íslensks listhandverks og iðnhönnunar dróst hins vegar á langinn og raunar úr hömlu, ef miðað er við þróunina í öðrum löndum. Sumpart var það vegna þess að helstu forsendur fyrir stofnun slíks safns voru ekki fyrir hendi á landinu. Til dæmis var iðnaður á Íslandi angí af heimilisiðnaði fram yfir síðustu aldamót, og í skötulíki nokkuð lengi eftir það. Því var tómt mál að tala um skipulega iðnhönnun í tengslum við hann. Lengi vel, og nánast fram á vora daga, ríkti einnig óvissa varðandi listhandverk og stóðu þess á íslenskum sjónmenntavettvangi, bæði meðal almennings og listamanna sjálfra. Fyrsti maðurinn sem beinlínis hugleiddi safnagildi íslensks listhandverks, Matthías Þórðarson, taldi að það ætti heima innan vébanda þjóðminjasafns og setti raunar á stofn sérstaka listiðnaðardeild við safnið árið 1918. Þetta viðhorf er áréttar með stofnun iðnminjasafns við þjóðminjasafnið árið 1939.

S nemma á sjötta áratugnum fóru íslenskir listamenn og listfrömuðir æ oftar að ámálga þörfina á því að leggja listrænt mat á handverk og iðnframleiðslu landsmanna - það er einmitt þá sem Símon Jóhann Ágústsson bjó til þetta ágæta orð „hönnun“ - og vekja máls á nauðsyn þess að finna verkum af því tagi sérstakan vettvang í safna- og skólaumhverfinu. Í skeleggum pistlum sem birtust í tímaritinu Birtingi upp úr miðjum sjötta áratugnum minntist Hörður Ágústsson oftlega á hönnun í safnalegu samhengi, þ.e. stofnun sem gerði sér far um að safna listrænu handverki og kynna það, til góða fyrir almenning, skóla á sjónmenntavettvangi og íslenska hönnuði og handverksmenn yfirleitt.

Vaxandi fjöldi listhönnuða á ýmsum sviðum, sérstaklega þeir sem fengust við útlitshönnun á ýmiss konar fjöldamrameiddri vöru, hafði hins vegar meiri áhuga á að bæta starfsskilyrði sín og stöðu útflutningsiðnaðarins. Þeim varð fyrst og fremst hugsað til einhvers konar hönnunarstofnunar eða design centre eins og þeirra sem Danir, Norðmenn og aðrar Evrópuþjóðir höfðu komið sér upp, stofnunar sem hefði með höndum ráðgjöf, kynningu og fræðslustarfsemi fremur en söfnun. Árið 1970 skipaði Iðnþróunarráð nefnd til könnunar á því hvort tímabært væri að setja á laggirnar stofnun af því tagi. Árið 1970 birtist síðan jákvæð greinargerð þessarar nefndar. Samt hefur öflug hönnunarstofnun ekki enn náð að festa sig í sessi og er enn ofarlega á óskalista íslenskra hönnuða.

Þótt enn væri langt í hönnunarsafn, sinttu hin ýmsu félög listhandverksmanna, iðnhönnuða og áhugafólks um hönnun lengi vel ýmissi sýningarstarfsemi í fjarveru þess. Félag húsgagnaarkitekta hélt tímamótasýningar á húsbún-aði á árunum 1959, 1960 og 1968, Iðnaðarmálastofnun stóð fyrir kynningum á iðnaðarframleiðslu á árunum 1970-71, og árið 1973 hóf starfsemi sína félagsskapurinn Listiðn og stóð fyrir sjö samsýningum sem staðfestu vaxandi broska listhandverks og iðnhönnunar á landinu og nauðsyn þess að vekja athygli á þessum greinum með reglulegu millibili. Sömuleiðis héldu félög listhönnuða og handverksfólks, t.d. félög gullsmiða, leírlistamanna og veflistamanna, sýningar með reglulegu millibili á áttunda og níunda áratugnum.

Það var hins vegar arftaki Listiðnar, félagið Form Ísland, sem fyrst vakti upp formlega umræðu um hönnunarsafn. Árið 1992 kallaði félagið saman umræðuhóp um slíkt safn, en þær áttu fulltrúa, auk Form Ísland, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið. Á lokafundi umræðuhópsins 30. mars 1994 var ákveðið að vísa þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins að það gengist fyrir skipun nefndar er gera skyldi tillögu um það með hvaða hætti mætti stofna listiðnaðarsafn. Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, tók málið föstum tökum og skipaði slíka nefnd snemma á árinu 1996. Var hún samsett með líkum hætti og áðurnefndur umræðuhópur.

Tillögur nefndarinnar lágu fyrir í ársbyrjun 1997, og hnigu þær eindregið í þá átt að mikil þörf væri á því að stofna Hönnunarsafn Íslands sem tæki bæði til listhandverks og iðnhönnunar. Nefndin áréttuði að slíkt safn hefði ekki einasta varðveisluhlutverki að gegna, heldur væri það nauðsynleg uppfræðslu- og menningarstofnun og líkleg

til að stuðla að framþróun íslenskrar hönnunar. Innan menntamálaráðuneytisins var síðan unnið ötullega að undirbúningi að stofnun hönnunarsafns að undirlagi Stefáns Snæbjörnssonar innanhússarkitekts.

Á árinu 1998 lýstu forystumenn í Garðabæ yfir áhuga sínum á því að taka hönnunarsafn upp á arma sér og í kjölfarið gerðu menntamálaráðuneytið og Garðabær með sér samkomulag um að stofna og reka slíkt safn í sameiningu. Ákveðið var að fyrst í stað yrði safnið rekið sem deild í þjóðminjasafni Íslands og í febrúar 1999 skipaði þjóðminjaráð því fjögurra manna stjórnarnefnd. Í september 1999 réði sú nefnd Aðalstein Ingólfsson listfræðing til að veita safninu forstöðu.

Ljóst er að Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ er enn á byrjunarreit og verður þar um nokkurt skeið. Fyrir stjórnarnefndinni liggur að móta markmið, starfsemi og framtíðarstöðu þess. En bótt geymslur safnsins séu tómar og ráðmenn í Garðabæ hafa tekið safninu tveim höndum og hyggjast gera veg þess sem mestan á komandi árum. Sömu leiðis hefur listhandverksfólk, iðnhönnuðir og framleiðendur fagnað stofnun þess og veitt því vilyrði bæði fyrir greiðslu og gjöfum.

Kynningarsýningin á íslenskri hönnun frá árunum 1950-1970 sem fram fer hér í miðbæ Garðabæjar er eilítill forsmekkur af því starfi sem fyrir Hönnunarsafni Íslands liggur á komandi árum. Stjórnarnefndin er þakklát hönnuðum, eigendum sýningargripa og öðrum sem gerðu sýninguna að veruleika.

Aðalsteinn Ingólfsson




1


VERK Á SÝNINGUNNI

1. Ásdís Sveinsdóttir Thoroddse (1920-92)
 - Hálsmen, 1953, silfur, hrafntinna, opal og jaspis, snæugluklær negldar og greyptar, eig. Vífill Magnússon.
 - Hálsband með liðamótum á öðrum armi og laust hengi með ópalglerhnöllum, 1965, eig. dætur höfundar.
2. Ásgerður Búadóttir (f. 1920)
 - Svart/hvitt/grátt, 1961, ull, eig. Ásgerður Búadóttir.
3. Friðrikka Geirdóttir (f. 1935)
 - Sýnishorn af grafískri hönnun, 1960-70.
4. Gestur Þorgrímsson (f. 1920) og Sigrún Guðjónsdóttir (f. 1926) / Gestur og Rúna
 - Þrír vasar, um 1950-51, ísl. jarðleir og leirlitir, eig. Gestur og Rúna.
5. Gísli B. Björnsson (f. 1938)
 - Sýnishorn af grafískri hönnun, 1960-70.

6. Guðbrandur Jezorski (f. 1943)
 - Tesett úr silfri, 1964, eig. Guðbrandur Jezorski.
7. Gunnar H. Guðmundsson (f. 1922)
 - Stóll úr eik og nautshúð, 1960, framleiðandi Kristján Siggeirsson hf., eig. Reykjavíkurborg.
 - Stóll úr palísander og nautshúð, 1960, framleiðandi Kristján Siggeirsson hf., eig. Reykjavíkurborg.
8. Gunnar Magnússon (f. 1933)
 - Príma stóll úr furu með ullanáklæði, 1961, framleiðandi Nývirki hf., eig. Tinna Gunnarsdóttir.
 - Sófaborð, 1970-71, bæsað og lakkad beyki, borðplata eftir Leif Breiðfjörð, sérsmíði, eig. Arnbjörn Kristinsson.
9. Haukur Dór Sturluson (f. 1940)
 - Skál, um 1967-68, steinleir, eig. Grímur Guðmundsson.
10. Helgi Hallgrímsson (f. 1928)
 - Ruggustóll úr peropa-furu með ullanáklæði, 1967, smíði: Ingvar Viktorsson, bólstrun Ásgríms, eig. Helgi Hallgrímsson.
11. Hilmar Sigurðsson (f. 1938)
 - Sýnishorn af grafiskri hönnun, 1960-70.



2



15

12. Jens Guðjónsson (f. 1920)

- Silfurborðbúnaður, um 1958, framl. Guðlaugur Magnússon, eig. Hansína Jensdóttir.
- Vatnskanna úr silfri, um 1957, eig. Jens Guðjónsson.
- Hálsmen, armband og hringur úr silfri (hálsmen með íslenskum ópal), um 1970, eig. Jens Guðjónsson.
- Armband úr silfri með safír, 1957-59, eig. Jens Guðjónsson.
- Armband úr silfri, 1957-59, eig. Jens Guðjónsson.

13. Jóhannes Jóhannesson (1921-98)

- Armband úr oxíderuðu silfri, um 1954, eig. Gunnar Gunnarsson.
- Bakki, enameleraður eir, 1952, eig. Gunnar Gunnarsson.

14. Jónína Guðnadóttir (f. 1943)

- Skál, um 1965, jarðleir, eig. Jónína Guðnadóttir.

15. Júlíana Sveinsdóttir (1889-1966)

- Slangan, 1957, ofið veggklæði, eig. Leifur Sveinsson.

16. Kristín Þorkelsdóttir (f. 1936)

- Sýnishorn af grafískri hönnun, 1960-70.

17. Leifur Kaldal (1898-1992)
 - Silfurkál, 1962, eig. Auður Laxness.
 - Silfurkross, 1968, eig. Hallgrímskirkja.
18. Ófeigur Björnsson (f. 1948)
 - Hálsfesti úr silfri, 1968, eig. Ófeigur Björnsson.
19. Pétur B. Lúthersson (f. 1936)
 - Leðurklæddur stálstóll, 1969, eig. Linsan ehf.
 - Glampi, loftlampi úr dregnu áli, 1968, framl.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, eig. Ámundi Sigurðsson.
 - Brandur, loftlampi úr dregnu áli, 1969, framl.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, eig. Ámundi Sigurðsson.
 - Hattur, loftlampi úr dregnu áli, 1970, framl.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, eig. Ámundi Sigurðsson.
 - Boline, loftlampi úr dregnu áli, 1969, framl.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, eig. Ámundi Sigurðsson.
20. Ragnar Kjartansson (1923-89)
 - Tvöfaldur vasi, 1963, jarðleir, í einkaeign.
21. Steinunn Marteinsdóttir (f. 1936)
 - Tveir vasar, 1961, jarðleir, eig. Steinunn Marteinsdóttir.



20

22



22. Sveinn Kjarval (1916-81)

- Stóll úr Peropa-furu með ullaráklæði, 1953, framleiðandi Nývirki hf., eig. Jóhannes Kjarval.
- Stóll úr eik klæddur kálfskinni, 1955, framleiðandi Nývirki hf., eig. Knútur Bruun.
- Hægindastóll og fótskemill með ullaráklæði, um 1955-56, sérsmíðað af Jónasi Hallgrímssyni, Stefáni Rafni og Bólstruninni, Baldursgötu 30, eig. Arnbjörn Kristinsson.

23. Torfi Jónsson (f. 1935)

- Bókkakápur og tímarit, um 1961-70.

Kynningarsýning Hönnunarsafns Íslands Íslensk hönnun 1950-1970

Hönnun sýningar: Þórdís Zoëga, hönnuður FHI
Aðstoðarmaður: Ingibjörg Magnadóttir, nemi LHÍ

Sýningarskrá og prentefni: Prentsmiðjan Oddi hf.
Grafisk hönnun: Prentsmiðjan Oddi, hönnunardeild

Ljósmyndir í skrá og á sýningu: Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Bjarnleifur Bjarnason,
Leifur Þorsteinsson,
Guðmundur Ingólfsson

Samstarfsaðili við sýninguna: Bókasafn Garðabæjar

Trésmíði: Trévirki ehf.

Aðstoð við uppsetningu sýningar: Sigurður Örlygsson, listmálarí

Ritstjórn sýningarskrár: Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur



Á l f t á r ó s



